

# 17. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.17

Símafundur, 17.apríl 2017

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Kristjón Daðason.

## 1 Aðalfundur fös 21.apríl

11 manns hafa boðað sig, Gestur mun hafa samband við Kríunes og tilkynna að hópurinn verður ekki mikið stærri.

Ræddar voru hugmyndir að nýju fólki í stjórn.

Ella sendir póst á póstlistann, til að láta vita að í stjórn vanti gjaldkera og ritara fyrir næstu tvö ár, þar sem bæði Ella Vala og Kristjón hafa lýst því yfir að þau vilji ekki halda áfram.

Höfum brainstorming:

Hvað getum við gert til að efla starf lúðrasveita á landinu?

Fundarstjóri fyrir aðalfund: stungið upp á Einari Jónssyni

Fundarritari fyrir aðalfund: stungið upp á Margrét Sigurbjörnsdóttir

## 2 Gjaldkeri

Innheimta félagsgjalda í góðu lagi.

Nú eru til 3 mismundandi reikningar í Arionbanka í stað 6 fyrir ári síðan.

Stærsta upphæðin er á Nr.1 Tékkareikningur 26, nr.2 reikningur 22, nr.3 reikningur 13.

Kristjón þarf að senda Jóhanni Birni Ævarssyni reikningabókina til að biðja hann um að yfirfara þá, einnig að ræða við Jóhann Moravek til að athuga hvort hann geti líka lesið yfir þrátt fyrir að vera ekki með reikningana í höndunum.

Kristjón millifærir megnið af peningnum á reikning nr.1 yfir á reikning nr.2 til að nýta vextina núna yfir sumartímann. Setur i 6 mánaða bindingu.

Árgjald verður óbreytt.

Greiða þarf Akranesi vegna síðasta landsmóts, 345.000kr

Kaffveitingar sem Heiðrún Hámundadóttir lagði út fyrir.

Ýlir hefur enn ekki greitt okkur 500.000 krónur sem við eigum inni.

## Verkefni nýrrar stjórnar

Prenta út raddskrár af þeim verkum sem við gáfum út á árinu.

## Landsmót 2018

Landmót C sveita á Akureyri okt 2018: Ella hefur nefnt hugmyndina við skólastjórn og var tekið vel í hana, þau ætluðu að ræða þetta áfram á fundi.

Landsmót A og B sveita vor 2018: Guðmundur hefur talað við Snorra um möguleikann að halda það í efra Breiðholti. Þar er aðstaðan afar góð. Snorri ætlaði að hugsa málið.

Rætt var um framkvæmdastjóra fyrir landsmótin. Linda Sigfúsdóttir er enn mjög áhugasöm en spurning er hvernig greiðslan verður og við þurfum að skilgreinga vel vinnu framkvæmdastjórans.

Við berum þetta upp á aðalfundi og þetta verður rætt nánar.

## Nótnaútgáfa

Rædd var hækkun á launum fyrir útsetningar. 15%

Tillaga yrði rædd á aðalfundi:

Það færi þá upp í:

A 50.000; B 85.000; C 120.000; D 160.000

Rætt var svar Jóhanns Moravek vegna bréfaskriftum okkar um áfengisneyslu á landsmóti.

Samþykkt var að borga flugmiða fyrir Ellu Völu til að skreppa á aðalfundinn, ef hún fær leyfi frá kennslu á föstudag.

Fundi slitið klukkan 10:40 : Næsti fundur, aðalfundur föstudaginn 21.apríl f.h. í Kríunes,  
Kópavogii.

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir